

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**175. fundur – 29. október 2012**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 29. október 2012. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Jón Bjarni Þorsteinsson boðaði forföll og í hans stað mætti Ingibjörg Hauksdóttir.

Fundargerð 174. fundar heilbrigðisnefndar frá 1. október 2012 lögð fram.

Lagt fram erindi Samtaka atvinnulífsins dags. 15. október 2012 þar sem Gnýr Guðmundsson, Alcan á Íslandi, er tilnefndur fulltrúi atvinnurekenda í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Bryndís Skúladóttir, Samtökum iðnaðarins, sem varafulltrúi.

## **1 Fundargerð 153. starfsmannafundar frá 29. október 2012**

### **1.1 Starfsleyfi**

#### **Garðabær**

##### 1.1.1 Ásbúð 9, Garðabær - dreifing á matvöru

Lögð fram umsókn Sigurðar Ö. Bernhöft, f.h. HOB-vín ehf., kt. 410999-2859, dags. 10.10.2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu drykkjarvara með aðsetur starfseminnar að Ásbúð 9, Garðabæ. Vörunni verður dreift frá vöruhótelum. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar og valdi ekki ónæði fyrir nágranna.

##### 1.1.2 Lyngás 17, Garðabær - veitingastofa

Lögð fram umsókn Ragnars Ástvaldssonar f.h. Matar og gleði ehf., kt. 501012-1650, dags. 18.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu að Lyngási 17, Garðabæ. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar og að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### **Hafnarfjörður**

##### 1.1.3 Brekkugata 13, Hafnarfjörður - heimagisting

Lögð fram umsókn Eyglóar Gunnarsdóttur, kt. 200252-3229, dags. 18.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heimagistingar að Brekkugötu 13, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

##### 1.1.4 Dalshraun 11, Hafnarfjörður - húðflúrstofa og kennslustaður

Lögð fram umsókn Erlu Bj. Stefánsdóttur, f.h. Naglameistarinn ehf., kt. 570909-0610, dags. 5.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs húðflúrstofu og kennslustaðar fyrir naglasnyrtingu að Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

##### 1.1.5 Norðurhella 8, Hafnarfjörður - járnsmiðja

Lögð fram umsókn Sigurðar Inga Sveinbjörnssonar f.h. Garðaúðun Meindýraeyðir ehf., kt. 510507-2740, dags. 4.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járnsmiðju að Norðurhelli 8, Hafnarfirði ásamt geymslu efna og áhalda til garðaúðunar og meindýraeyðingar.

Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem kann þarf aðstæður nánar vegna umsagnar byggingafulltrúa.

#### 1.1.6 Selhella 13, Hafnarfjörður - húðflúrstofa

Lögð fram umsókn Ýrarr Baldursdóttur f.h.TA2 ehf., kt. 530912-0860, dags. 22.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs húðflúrstofu að Selhelli 13, Hafnarfirði

Húshluti: 0111 (tilheyrir bili 0105). Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað þar sem framkvæma þarf úrbætur.

#### 1.1.7 Thorsplan, Hafnarfjörður - jólaþorp.

Lögð fram umsókn Ásbjargar Unu Björnsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 2.10.2012, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til reksturs jólaþorps á Thorsplani í Hafnarfirði samkvæmt fyrirbyggjandi teikningu. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 01.01.2013, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## Kópavogur

#### 1.1.8 Bláfjallaleið, Kópavogur - hellisskoðun

Lögð fram umsókn Björns Ólafssonar f.h. Þríhnúka ehf., kt. 580405-0530, dags. 15.10.2012, þar sem óskað er eftir tímabundnu starfsleyfi til reksturs aðstöðu til móttöku ferðamanna í skipulögðum ferðum til hellisskoðunar í Þríhnúkagíg sumarið 2013.

Samþykkt að fresta afgreiðslu og óska umsagnar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd.

#### 1.1.9 Bæjarlind 14-16, Kópavogur - snyrtistofa, snyrtivöruverslun og kennslustaður ÞEG

Lögð fram umsókn Sólveigar Birnu Gísladóttur f.h. Airbrush sól sf., kt. 630605-0830 dags. 4.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til rekstur snyrtivöruverslunar og kennslustaðar í snyrtifræðum að Bæjarlind 14-16, Kópavogi. Húshluti: 01 0102 – 01 0103. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 1.1.10 Hnoðraholt A-07, Kópavogur - aðveitustöð

Lögð fram umsókn Rúnars S. Svavarssonar f.h. Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029 dags. 24.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs aðveitustöðvar fyrir rafmagn á Hnoðraholti, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 1.1.11 Kársnesbraut 112, Kópavogur - kjötvinnsla

Lögð fram umsókn Ewa Kromer, f.h. Kjötþól ehf., kt.461204-2440, dags.10.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötvinnslu og reykhuús að Kársnesbraut 112, Kópavogi.

Húshluti: 1. hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

#### 1.1.12 Smáratorg 5, Kópavogur - veitingastaður

Lögð fram umsókn Jóns Heiðars Pálssonar f.h. M veitinga ehf. kt. 431012-0570, dags.15.10.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu að Smáratorgi 5, Kópavogi.

Eigendaskipti

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

#### 1.1.13 Vesturvör 32a, Kópavogur - lyftarþjónusta

Lögð fram umsókn Gísla V. Guðlaugssonar, f.h. Steinbock-þjónustunnar ehf, kt. 460472-0249, dags. 2.05.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs lyftarþjónustu að Vesturvör 32a, Kópavogi.

Húshluti: allt húsið. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

## 1.2 Umsagnir

### Garðabær

#### 1.2.1 Garðatorg, Garðabær - tónleikar, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 16.10.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lionsklúbbs Garðabæjar, kt. 491078-0229, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika sem halda á Garðatorgi, þann 1.11.2012 frá kl. 20.30 - 23.00. Jákvæð umsögn staðfest.

#### 1.2.2 Smiðsbúð 9, Garðabær – veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 25.10.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn G. Arnfjörð ehf., kt. 420502 4940 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu í flokki I að Smiðsbúð 9, Garðabæ.

Eftirfarandi bókun gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 30.09.2002 starfsleyfi fyrir veitingastofu skv. matvælaeaglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt flokki I, reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

#### 1.2.3 Skólabraut, Garðabær - skemmtun, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 25.10.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn handknattleiksdeildar Stjórnunnar, kt. 460180-0159, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skemmtun sem halda á í samkomusal Fjölbautarskólans, Urðarbrunni, þann 2.11.2012 frá kl. 18.00 - 24.00. Salurinn er með rekstrarleyfi í flokki I.

Jákvæð umsögn staðfest.

### Hafnarfjörður

#### 1.2.4 Brekkugata 13, Hafnarfjörður - heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 27.04.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Eyglóar Gunnarsdóttur, kt. 200252-3229, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Brekkugötu 13, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 29.10.2012 starfsleyfi til gistingar á einkaheimili skv. hollustuhátta-reglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir heimagistingu.”

#### 1.2.5 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfjörður - veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 16.10.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn DT veitinga ehf., kt. 500801-2550, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki II að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 24.09.2001 starfsleyfi fyrir veitingahús skv. matvælaeaglugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt 2. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingahús.”

#### 1.2.6 Strandgata 75, Hafnarfjörður, veitingaverslun, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 25.10.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn G. Arnfjörð ehf., kt. 420502 4940 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingaverslun í flokki I að Strandgötu 75, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd samþykkti 25.09.2006 starfsleyfi fyrir veitingaverslun skv. matvælaeðlugerð. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt flokki I, reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingaverslun.“

## Kópavogur

### 1.2.7 Breiðahvarf 15, Kópavogur - heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 5.10.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn G.P. Heildverslunar ehf., kt.501204-3230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu í flokki I að Breiðahvarfi 15, Kópavogi.

Frestað þar sem starfsleyfisumsókn liggur ekki fyrir.

### 1.2.8 Smáratorg 5, Kópavogur - veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 4.10.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn M veitinga ehf., kt. 431012-0570, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu í flokki I að Smáratorgi 5, Kópavogi. Sjá lið 1.11 Jákvæð umsögn staðfest.

## 2 Sala á tóbaki

Lagt fram erindi Samtaka verslunar og þjónustu, dags. 19. október 2012 varðandi sölu á tóbaki. Samtök verslunar og þjónustu gera alvarlegar athugasemdir varðandi túlkun heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á framkvæmd og fyrirkomulagi verslana varðandi sölu á tóbaki. Telja samtökin þá túlkun hvorki eiga stoð í löggjöf, hvort sem það er tóbakslöggjöf eða löggjöf varðandi vinnu barna og ungmenna, né heldur í lögskýringargögnum. Einnig að umrædd túlkun gangi gegn grundvallarreglum stjórnisýsluréttarins, sér í lagi lögmætisreglu stjórnisýslulaga.

Lagt fram að nýju erindi Umhverfissráðuneytis frá 17. september 2008 um sölu tóbaks í verslunum þar sem unglingar yngri en 18 ára vinna og meintan misbrest á að fylgt sé ákvæðum tóbaksvarnalaga. Erindinu fylgdi álit og leiðbeiningar Heilbrigðisráðuneytis dags. 2. september 2008. Í álitinu kemur fram að í 1. mgr. 8. gr. tóbaksvarnalaga sé óheimilt að afhenda einstaklingi yngri en 18 ára tóbak og samkvæmt 7. mgr. 8. gr. laganna megi þeir einir sem orðnir séu 18 ára selja tóbak, þá sé það óheimilt samkvæmt lögum að hafa þann hátt á að unglingar innan 18 ára hafi aðgang að sölu vörunnar. Engu breyti þar um þó svo að eldri starfsmaður sé til staðar og aðeins kallaður að afgreiðsluborði í slíkum tilvikum.

Lagt fram minnisblað heilbrigðiseftirlits um eftirlit með tóbakssölu á seinni hluta ársins. Gerðar hafa verið athugasemdir við verkferla sem ekki tryggja að ákvæðum 8. gr. tóbaksvarna sé fylgt. Athugasemdir sem byggja á upplýsingum úr eftirliti, samtölum og það sem almenningur sér þegar verslað er

Í erindi Samtaka verslunar og þjónustu er vitnað til fjölda laga og reglugerða, svo sem vinnuverndarlaga, stjórnisýslulaga og stjórnarskrár. Halda verður því þó til haga að samtökin telja eðlilegt og sjálfsagt að eftirlit sé haft með tilteknum vörum og söluaðferðum.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Ásökun Samtaka verslunar og þjónustu um að heilbrigðisnefnd stundi lögbrot við störf sín er graf alvarleg. Í allra stystu máli snýst mál þetta um hvar ábyrgðinni á tóbakssölu í verslun á að liggja og hvort varpa megi henni á barn, í tilvikum þegar unglingar eru í vinnu á afgreiðslukössum ákveðinna verslana. Aðstæður verða til þess að þeim er ætlað að koma inn í söluferli tóbaks sem er óheimilt samkvæmt lögum. Auðvelt er fyrir verslanirnar að leysa þessi mál og eru þau leyst víða. Samkvæmt erindinu virðist lítil villi til þess hjá einhverjum verslunum. Heilbrigðisnefnd mun því senda erindi Samtaka verslunar og þjónustu til Velferðarráðuneytis þar sem ljóst er að kveða þarf fastar að, eigi vilji löggjafans um vernd barna og unglunga að ná fram að ganga samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga, vinnuverndarlaga og barnaverndarlaga.“

### 3 Umhverfisvöktun

Farið yfir framkvæmd vöktunar á umhverfisgæðum og tillögur að breytingum. Svo og upplýsingagjöf til almennings um niðurstöður úr mælingum.

#### 3.1 Neysluvatn

Mælingar fara fram á gæðum neysluvatns og eru niðurstöður birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins. Mælingar sýna almennt góð gæði neysluvatns.

[http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald\\_heimasida/Neysluvatn/Vatnsveitur.htm](http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald_heimasida/Neysluvatn/Vatnsveitur.htm)

#### 3.2 Yfirborðsvatn - Vöktun vegna útivistar og verndar náttúrlegra gæða

Nokkur hættu er á að lækir og ár sem renna um þéttbýli mengist og sama gildir um vötn og tjarnir í og við byggð. Mengandi efni geta borist í yfirborðsvatn en ekki er síður hættu á mengun vegna laskaðra fráveitna eða rangtenginga. Í verstu tilvikum er slík mengun sýnileg og til ama en í öðrum tilvikum er hún ill sjáanleg en getur verið skaðleg. Umhverfi lækja og vatna hefur útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Elliðavatn, Urriðavatn, efsti hluti Stórárókslækjar, Vífilsstaðavatn, efsti hluta Vífilsstaðalækjar og Ástjörn hafa verið flokkuð til að auðvelda vöktun. Reglubundnar örverumælingar fara fram samkvæmt áætlunum. Reiknað er með mælingum á næringarefnum og málmum á árinu 2013. Niðurstöður eru birtar jafnóðum á vef heilbrigðiseftirlitsins.

[http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald\\_heimasida/Umhverfi/laekir\\_og\\_votn/Laekir\\_og\\_votn.htm](http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald_heimasida/Umhverfi/laekir_og_votn/Laekir_og_votn.htm)

#### 3.3 Sjór og strendur

Markmið er að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólps. Strendur og umhverfi þeirra hafa útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Skólpi frá Garðabæ og Kópavogi er veitt inn í skólperki Reykjavíkur. Hafnarfjarðarbær rekur skólphreinsistöð við Hraunavík. Stöðuskýrsla um förgun skólps á svæðinu skal gera annað hvert ár og skal byggjast á niðurstöðum úr eftirlitsmælingum. Næsta skýrsla skal tekin saman árið 2013.

Niðurstöður reglubundinna örverumælinga eru birtar jafnóðum á vef heilbrigðiseftirlitsins.

[http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald\\_heimasida/Umhverfi/Strendur/Strendur.htm](http://www.heilbrigdiseftirlit.is/Innihald_heimasida/Umhverfi/Strendur/Strendur.htm)

#### 3.4 Loftgæði

Markmið er m.a. að miðla upplýsingum til almennings um styrk efna í andrúmslofti. Kópavogsbær hefur falið heilbrigðiseftirlitinu rekstur færanlegrar mælistöðvar. Möguleikar til að meta loftgæði út frá mælingum á Hvaleyrarholti, þar sem fara fram mælingar á vegum Umhverfisstofnunar og Ísals og færanlegu mælistöðinni eru nú fyrir hendi. Mælingar fara fram á styrk brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðum og svifryki í andrúmslofti. Í stöð Kópavogsbæjar er einnig fylgst með styrk brennisteinsvetnis. Rauntímamælingar eru birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins.

<http://www.heilbrigdiseftirlit.is/> Einnig er styrkur flúors í andrúmslofti mældur í vöktunarstöðinni á Hvaleyrarholti en tækni er ekki til að birta rauntímamælingar.

Styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti skal tilkynna þegar brennisteinsvetni fer samfellt yfir 150 µg/m<sup>3</sup> í þrjár klst. en frá 1. júlí 2014 verða tilkynningamörkin lækkuð í 50 µg/m<sup>3</sup>.

#### 3.5 Vöktun og kvartanir vegna umferðarhávaða

Stöku eftirlitsmælingar á hávaða eru framkvæmdar í tenglum við kvartanir og ábendingar.

Reiknað er með að kvörtunum íbúa vegna umferðarhávaða fjölgi.

### 4 Fundur heilbrigðiseftirlitssvæða, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og ráðuneyta

Lagt fram til kynningar fundarboð haustfundar heilbrigðiseftirlitssvæða, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og ráðuneyta sem haldinn er í Reykjavík

### 5 Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða

Formaður gerði grein fyrir aðalfundi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða sem haldinn var í Reykjavík 29. október 2012.

## 6 Önnur mál

### 6.1 *Lausaganga hunds og að hundurinn hafi bitið bréfbera*

Lagt fram erindi ríkissaksóknara dags. 24. október 2012 um afstöðu til kæru vegna lausagöngu hunds og að hundurinn hafi bitið bréfbera. Lagt er fyrir lögreglustjóra að gefa út ákæru í málinu.

### 6.2 *Reglulegir fundir heilbrigðisnefndar*

*Næsti reglulegi fundur heilbrigðisnefndar verður 26. nóvember n.k.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18;40

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Ingibjörg Hauksdóttir

Gnýr Guðmundsson

Gísli Ó. Valdimarsson